



Borgarráð

Erindisbréf - Stýrihópur um aðgerðaráætlun loftgæða

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um aðgerðaráætlun loftgæða. Óskað er eftir að borgarráð staðfesti skipun þriggja fulltrúa meirihluta og tilnefni tvo fulltrúa minnihluta. Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti þann 12. apríl síðastliðinn tillögu Vinstri grænna um að stofna stýrihóp fyrir aðgerðir á gulum og gráum dögum og fellur sú skoðun vel að verkefnalýsingu þessa stýrihóps sem hér er stofnaður. Hlutverk stýrihópsins er m.a. að marka langtímastefnu um loftgæði og uppfæra aðgerða- og viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar um loftgæði.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf stýrihóps um aðgerðaráætlun loftgæða.



ERINDISBRÉF

Stýrihópur um aðgerðaráætlun loftgæða

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur og hlutverk:

Fjallað er um málefni, markmið og aðgerðir er varða bætt loftgæði í ýmissi stefnumörkun á vegum borgarinnar eins og loftslagsáætlun, lýðheilsustefnu og aðalskipulagi Reykjavíkur. Hlutverk stýrihópsins er að marka langtímastefnu um loftgæði og uppfæra aðgerða- og viðbragðsáætlun Reykjavíkurborgar um loftgæði. Hópurinn mun meðal annars hafa hliðsjón af þeim heimildum sem tilgreindar eru í 85. gr. umferðalaga nr. 77/2019, er varðar takmörkun eða bann umferðar um stundarsakir, m.a. vegna heilsufarsástæðna og botna þá lagalegu óvissu og mismunandi sjónarmið sem ríkt hefur um heimildina. Þá mun hópurinn skoða aðgerðir borga og landa erlendis, efna til umræðna um þær og meta hverjar gætu hentað hérlendis.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Marka stefnu Reykjavíkurborgar um loftgæði.
- Botna lagalega óvissu er kemur að heimild sveitarfélaga til að takmarka eða banna umferð um stundarsakir, m.a. vegna heilsufarsástæðna.
- Skoða aðgerðir erlendis, efna til umræðu um þær og meta hverjar gætu hentað hérlendis.
- Móta aðgerða- og viðbragðsáætlun um loftgæði byggt á ofangreindu.
- Kalla til aðila, eiga samráð og fá rökstuðning frá þeim um þeirra afstöðu

Aðgerðaáætlunin verði unnin samhliða uppfærslu á viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, *Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029*.

Stýrihópurinn skipa:

Aðalsteinn Haukur Sverrisson, formaður
Dóra Björt Guðjónsdóttir
Hjálmar Sveinsson
Tveir fulltrúar minnihluta

Starfsmenn:

2 – 3 sérfræðingar Heilbrigðiseftirlitsins og Umhverfis- og skipulagssviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Hópurinn kallar til mismunandi aðila og fær rökstuðning frá þeim varðandi þeirra afstöðu.

Starfstími:

Stýrihópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok nóvember 2023.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Fylgiskjal: Aðgerð úr lýðheilsustefnu um loftgæði

1.12 Bætt loftgæði – Stefna og aðgerðir

Aðgerð:

Reykjavík leggi metnað í góð loftgæði og setji sér heildstæða loftgæðastefnu sem feli í sér langtímamarkmið og horfi einnig til sívöktunar loftgæða og til þess með hvaða aðgerðum megi bregðast skjótt við þá daga og tímabil þar sem loftgæði eru slæm.

Stefna og aðgerðir byggja á eftirfarandi markmiðum: 1. Halda svifryksmengun innan lögbundinna marka, 2. Minnka hlutfall negldra dekkja, 3. Orkuskipti, 4. Breyting á ferðavenjum.

Stefna og aðgerðir feli í sér áherslur til að draga úr ótímabundnum dauðsföllum af völdum loftmengunar og í henni verði dregnar saman þær langtímaaðgerðir sem eru í gangi á mörgum sviðum í stefnumarkandi skjali.

Aðgerðaáætlun feli í sér bæði beinar og óbeinar stýringar- aðgerðir. Hún verði einnig uppfærð á grundvelli nýrra umferðarlaga og horft til samstarfs á höfuðborgarsvæðinu og hugmynda og aðgerða sem gripið hefur verið til í nágrenna- borgum og Evrópu, s.s. varðandi nagladekk og hraða umferðar. Jafnframt verði stefnt að samstarfi við umhverfis- stofnun um að fjölga loftgæðamælum í Reykjavík.

Aðgerðaáætlunin verði samræmd viðbragðsáætlun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur sem hefur það markmið að skilgreina skammtímaaðgerðir til að uppfylla þau skilyrði sem sett eru um loftgæði í borginni í samræmi við 36. gr. laga nr. 7/1998 og 15. gr. reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, með síðari breytingum og áætlun um loftgæði á Íslandi, „Hreint loft til framtíðar – áætlun um loftgæði 2018-2029.“

Ábyrgð:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu borgarstjóra og borgar- ritara. Samráð verði haft við hagsmunaaðila við mótnun stefnunnar.

Markhópur: Almenn aðgerð.

Áætlun verklok: Árslok 2021.

Kostnaður:

Kostnaður við mótnun stefnunnar er innan fjárhagsramma en kostnaðarmeta þarf aðgerðaáætlun þegar hún liggur fyrir.

Mælikvarði: Nagladekkjanotkun, loftgæði skv. mælum, svifryk innan lögbundinna marka og skv. heilsuverndarmörkum og fjöldi ótímabærra dauðsfalla. Mælikvarðar um ferðavenjur.